



Bergið headspace – mikilvæg nærþjónusta fyrir ungt fólk á Norðurlandi eystra

Bergið headspace er lágþröskulda og gjaldfrjáls ráðgjafar- og stuðningsþjónusta fyrir ungt fólk á aldrinum 12–25 ára, þar sem hægt er að leita án tilvísunar. Þjónustan byggir á snemmtækri íhlutun og hefur það markmið að ná til ungs fólks áður en vandi þyngist, með áherslu á að efla þjargráð, vellíðan og virkni í daglegu lífi.

Eftirspurn eftir þjónustu Bergsins hefur aukist jafnt og þétt. Að jafnaði sækja um 120 ungmenni þjónustu í hverri viku og á síðasta ári voru veitt tæplega 5.000 viðtöl. Frá opnun Bergsins á Akureyri hefur þjónustan verið fullbókuð, sem er skýr vísbending um að þörfin er raunveruleg og viðvarandi. Þessar tölur undirstrika mikilvægi þess að tryggja stöðugleika og fyrirsjáanleika í rekstri þjónustunnar.

Fyrir kjörna fulltrúa er mikilvægt að líta á Bergið sem hluta af grunnstoðum velferðar í landshlutanum. Lágþröskuldapjónusta í nærsamfélagi skiptir sköpum til að tryggja jafnt aðgengi, sérstaklega í dreifðari byggðum þar sem aðrar leiðir að sérhæfðri þjónustu geta verið takmarkaðar. Með því að hafa þjónustuna nær fólki er líklegra að ungt fólk leiti sér aðstoðar fyrir, sem getur komið í veg fyrir að vandi þróist og dregið úr þörf fyrir þyngri og kostnaðarsamari úrræði síðar.

Stuðningur við Bergið er því fjárfesting í forvörnum og bættri líðan ungs fólks, en jafnframt skynsamleg ráðstöfun opinbers fjármagns til lengri tíma. Með því að tryggja áframhaldandi aðgengi að þjónustunni í heimabyggð eru sveitarfélög innan SSNE að leggja grunn að sterkari samfélögum og betri framtíð fyrir ungt fólk á svæðinu.

Framkvæmdastjóri Bergsins headspace